



Dagsetning:	2. desember 2015 Kl. 20:00
Fundarstaður	Smárinn Kópavogi félagsheimili Breiðabliks
Fundarstjóri	Jón Júlíusson
Fundarritari:	Símon Kristjánsson

1. Fundarstjóri og fundarritari kosnir.

- Formaður setti fundinn formlega og bauð félagsmenn velkomna. Formaður lagði til að Jón Júlíusson yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Fundarritari aðalfundar var skipaður Símon Kristjánsson. Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins og úrskurðaði að löglega hefði verið til hans boðað.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.

- Guðmundur Oddsson formaður byrjaði á að þakka þeim sem mættir voru á aðalfundinn, en um 72 félagar mættu að þessu sinni. Því næst fór formaður yfir skýrslu stjórnar og bar þar hæst:
- Eftirminnilegir atburðir 2015
 - GKKG gekk frá leigusamning til ársins 2035 við Fasteignir ríkisins. Leigan hækkar við þetta en stjórn GKKG þarf að skoða leigumálin á næstunni. Garðabær feldi niður fasteignagjöld þetta árið.
 - Samstarfssamningur við Garðabæ og Kópavog um uppbyggingu íþróttamiðstöðvar var undirritaður og fyrsta skóflustungan tekin 28. febrúar 2015. Framkvæmdir ganga vel og benti formaður félagsmönnum á að skoða framkvæmdir.
 - Á fundi með Garðabæ kom fram að möguleiki væri á að nýta hluta af Mýrinni vegna breytinga á skipulagi Garðabæjar. Ef til þess kemur mun Garðabær útvega svæði fyrir 9 holu völl. Hægt að skoða hér. <http://www.gardabaer.is/library/Files/Skipulagsmal/Adalskipulag-2015/Kynningarfundir-nov-2015/Hnodraholt Vetrarmyri Vifilsstadir.pdf>
- Stjórnarstörf 2015
 - Haldnir voru 10 bókaðir stjórnarfundir auk almennra félags- og fræðslufunda. Mikil vinna vegna byggingu íþróttamiðstöðvar í byggingarnefnd og mánaðarlegir samráðsfundir með sveitarfélögum.
- Félagatal
 - 2015 fjölgun félagsmanna um 11%
 - 1831 upp í 2035
 - Fækkun fullborgandi úr 1.271 í 1.211
 - 27 % aukning hjá unglingum (14 til 15 ára)
 - 250% fjölgun hjá börnum (13 ára og yngri)
 - Ellismellirnir eru jafn margir á milli ára
 - 1.873 skráðir 15 ára og yngri í golf á Íslandi, af þeim eru 593 skráðir hjá GKKG eða um þriðjungar allra barna.
- Vinavellir
 - Hella, Keflavík, Akranes, Borgarnes, Selfoss, Grindavík, Geysir og Norðfjörður
 - Flestir hringir spilaðir á Helli, Borgarnesi og Grindavík
 - GKKG greiðir um 2,2 milljónir
 - Svipaður fjöldi hringja og í fyrra (1.520)
- Starfsmannamálin og fjármálin.
 - Starfsmannafjöldi 11 starfmenn yfir vetrartímam og 58 í júlí. Rekstur klúbbsins skilaði 4,3 milljón kr framlegð og 11 milljónir til GSI og í lóðarleigu.
- Glæsileg afrek

- Klúbbmeistarar GKG 2015 voru Ragna Björk Ólafsdóttir og Aron Snær Júlíusson
- Íslandsmeistara í sínum aldursflokki voru Sigurður Arnar Garðarsson og Hlynur Bergsson. Stúlknasveit GKG tryggði sér Íslandsmeistaratitil í sveitakeppni GSÍ 15 ára og yngri (Alma Rún Ragnarsdóttir, Anna Júlía Ólafsdóttir, Eva María Gestsdóttir, Herdís Lilja Þórðardóttir, Hulda Clara Gestsdóttir)
- Því næst þakkaði formaður meðstjórnarmönnum, nefndarformönnum og nefndarmönnum fyrir samstarfið á liðnu ári. Hann þakkaði sérstaklega starfsfólki, framkvæmdastjóra, vallarstjóra og kennurum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu. Það kom fram að hann er búinn að vera formaður í 10 ár og gefur ekki kost á sér áfram. Guðmundur hefur eignast marga góða vini hjá GKG og mun ekki hætta að spila golf. Það á ýmislegt eftir að gera t.d vantar vélamiðstöð. Stjórnarmenn hafa setið lengi í stjórn GKG með honum og er greinilega gott að sitja undir hans stjórn. Mjög ánægður með samstarfið við Agnar framkvæmdastjóra og Guðmund vallarstjóra.
-

3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis

- Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri GKG fór yfir reikninga klúbbsins fyrir starfsárið 2014 – 2015 og útskýrði þá. Hagnaður klúbbsins var kr. 4.302.408. Agnar fór einnig yfir kostnaðaráætlun á Íþróttamiðstöð og greiðsluáætlun til ársins 2020.
- Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninga félagsins upp til umræðna og gaf orðið laust
 - Haukur Örn Birgisson forseti GSÍ óskaði GKG til hamingju með árangurinn. Taldi GKG einstakan og sérstakan klúbbu sem stendur upp úr vegna barna og unglíngastarfs. Golfklúbbar eiga að fagna börnum á golfvöllum þó það heyrir í þeim. Minntist á að formaður GKG sem er að hætta hafi ekki verið fenginn til að vera formaður vegna golfhæfileika heldur vegna þessa að hann er maður framkvæmda. Hann á mikinn þátt í þeim framkvæmdum sem eru í gangi núna hjá GKG. Haukur heiðraði Guðmund með gullmerki GSÍ.
 - Guðmundur Ólafsson spurði um hvað stórt svæðið við værum að missa vegna Mýrarinnar.
 - Guðmundur Oddson svaraði að ekki væri hægt að svara þessu, ekki er vitað hvað svæði er stórt, gæti verið um 6 holur. Ekki á dagskrá strax en verið að vinna í aðalskipulagi Garðabæjar. GKG mun fá 9 holu völl á svæðinu í staðinn.
- Reikningarnir voru því næst bornir upp til atkvæða og þeir samþykktir samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.

- Agnar Már Jónsson framkvæmdastjóri GKG kynnti tillögu stjórnar að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Í henni er gert ráð fyrir að heildartekjur næsta starfsárs verði heldur hærri en árið 2015. Áætlunin er byggð á þeim forsendum að félagsgjöld verði kr. 94.700 fyrir fullborgandi kr. 64.000 fyrir 67 ára kr. 47.350- fyrir 19 til og með 24 ára kr. 23.000- hjá 11 til og með 18 ára og kr. 14.500- hjá 10 ára og yngri. Gert er ráð fyrir launahækkun á árinu vegna fjölgunar starfsmanna. Breyting á árgjöldum er vegna bókonar á síðasta aðalfundi. Búast má við aukinni þjónustu hjá GKG á næsta ári vegna reksturs allt árið. GKG félagar munu fá GKG kort til að skrá sig á völlin. Reiknað með 1290 fullborgandi félögum og að rekstrahagnaður verði kr. 1.271.695-

- Fundarstjóri bar því næst fjárhagsáætlunina upp til umræðu en engar fyrirspurnir komu fram.
- Fjárhagsáætlun var því næst borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn

- Formaður kjörnefndar undanfarin 20 ár er Steinar J. Lúðvíksson, auk hans er í nefndinni Sverrir D. Hauksson. Það kom fram hjá Steinari að áður fyrr hefði oft verið erfitt að fá fólk til starfa í stjórninni en er mjög auðvelt í dag. Kjörnefnd kom með tillögu um að Finnur Sveinbjörnsson tæki við sem formaður og var tillagan samþykkt með lófaklappi.
- Því næst bar kjörnefnd fram tillögu sína að stjórnarmönnum til 2 ára. Þeir voru Gunnar Jónsson, Jón K. Baldursson og Þorgerður Jóhannsdóttir. Fundarstjóri óskaði eftir öðrum framboðum úr sal sem reyndust ekki vera. Því næst var gengið til atkvæða um tillögu kjörnefndar og var hún samþykkt samhljóða.
- Kjörnefnd tilnefndi Einar Gunnar Guðmundsson, Ragnheiði Stephensen og Sigmundur Einar Mátsson til að sitja sem varamenn í stjórn til eins árs. Var tillagan samþykkt samhljóða.

6. Kosning tveggja endurskoðenda.

- Félagskjörnir skoðunarmenn reikninga til næsta fundar voru kosnir þeir Ólafur Nilsson og Steinar J. Lúðvíksson með lófaklappi.

7. Önnur mál.

- Guðmundur Oddson formaður veitti eftirfarandi verðlaun
 - Holukeppnismeistari Eggert Ólafsson
 - Háttvísibikar GSÍ Elísabet Ágústsdóttir mjög góð fyrirmynd.
- Agnar Már Jónsson kynnti viðhorfskönnun félagsmanna GKG. Það eru 1820 á póstlista GKG og svöruðu 498 svarhlutfall 28%.
- Agnar Már Jónsson fór yfir fjölda leikna hringja á árinu og er 2015 í öðru sæti yfir spilaða hringi á einu ári aðeins sólarsumarið 2012 er með fleiri hringi.
- Finnur Sveinbjörnsson nýkjörinn formaður þakkaði fyrir kosningu sem formaður og telur að allstaðar myndast hefðir og ef Guðmundur Oddson var lélegur golfari er nýr formaður enn lélegri golfari kannski komin ný hefð hjá GKG að vera með lélega golfara sem formenn. Lofar að vera betri formaður en golfari miklar breytingar framundan og mikilvægt að rekstur íþróttamiðstöðvar gangi vel og meginverkefni að efla rekstur húsins og bæta þjónustuna við félagsmenn.
- Agnar Már Jónsson afhenti Guðmundi Oddsyni blómvönd sem þakklæstisvott
- Guðmundur vallarstjóri fór yfir vallarmálin og hvað Snorri Vilhjálmsson hefur verið að gera og stefnir á kynningu í apríl á næsta ári.
- Jón K. Baldursson fékk orðið og vildi þakka þeim þremur stjórnarmeðlimum sem eru að hætta fyrir gott samstarf undanfarin ár.

Ekki var fleira á dagskrá fundarins og fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund sem var slitið kl. 22:15